

→ HÚSNÆÐISMÁL GEÐHJÁLPAR



Túngata 7. Á dögnum barst tilboð í húsið sem hljóðaði upp á um það bil 100 milljónir.

# Óvissa um fram- tíðarhúsnæði Geðhjálpar

Ný stjórn vill endurskoða ákvörðun fyrri stjórnar um að selja núverandi húsnæði félagsins að Túngötu 7.

**N**okkur óvissa ríkir um framtíðarhúsnæði Geðhjálpar í kjölfar stjórnarskipta um síðustu helgi. Félagið hefur haft aðsetur á Túngötu 7 frá árinu 1998 þegar það fékk gefins þetta 460 fermetra reisulega hús. Á dögnum barst tilboð í húsið sem hljóðaði upp á um það bil 100 milljónir, samkvæmt heimildum Fréttatímans. Gamla stjórnin vildi taka tilboðinu og selja húsið en nýja stjórnin, með Björt Ólafsdóttur í fararbroddi, vill biðja og skoða alla þá möguleika sem í boði eru. Á aðalfundinum um helgina kom fram að fram undan væri viðhaldskostnaður á húsinu upp á 80 milljónir, sem væri stór biti að kyngja fyrir félagið. Eftir því sem Fréttatíminn kemst næst taldi gamla stjórnin að félagið hefði einfaldlega ekki bolmagn til að halda húsinu lengur án þess að það færi að hafa áhrif á starfsemi félagsins.

Björt segir í samtali við Fréttatímann að það sé ekki



hægt að lita svo á að nýja stjórnin sé á móti sölunni sem slíkri. „Nýir stjórnarmeðlimir eins og ég þurfa að fá smá ráðrúm til að afla sér upplýsinga til að geta tekið upplýstar ákvarðanir,“ segir Björt.

Björt Ólafsdóttir, nýr formaður Geðhjálpar.

Óskar Hrafn Þorvaldsson

[oskar@frettatiminn.is](mailto:oskar@frettatiminn.is)